

Nr. 134 / 12 Stakkhamar SH 220**Missir skrófu og dreginn í land**

Skipaskr.nr. 2560
Smíðaður: Hafnarfirði 2002 plast
Stærð: 11,2 brl. 14,6 bt.
Mesta lengd: 11,35 m Skráð lengd: 11,32 m
Breidd: 3,68 m Dýpt: 1,45 m
Vél: Caterpillar 253 kW 2002
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Stakkhamar ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 10. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Ólafi K. Ármannssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. desember 2012 var Stakkhamar SH 220 á línuveiðum skammt undan Dritvíkurflögum á Snæfellsnesi. Veður: Logn.

Eftir að lögn línunnar lauk var látið reka en þegar hefja átti línudráttinn var kúplað að til að sigla að baujunni og þá snerist skrófuöxullinn en önnur virkni varð ekki. Eftir athugun var skipstjóri viss um að skrófan hefði fallið af öxlinum. Hann hafði því samband við björgunarskipið Björg sem dró Stakkhamar SH til Rifshafnar og eftir að vera tekinn á land kom í ljós að grunur skipstjórans var réttur.

Við rannsókn kom fram:

- að skrófan hafði farið af öxlinum en kíllinn var á sínum stað í kílsporinu. Skrófan hafði verið tekin af öxlinum vegna lagfæringa á árinu þ.e.a.s. í ágúst. Eftir viðgerð á skrófunni var hún sett upp á skrófuásinn með því að hita skrófuhausinn hæfilega eða í rúmar 40°C að sögn útgerðarmanns;
- að sögn útgerðarmanns hafði svipað atvik komið fyrir þessa skrófu nokkuð löngu áður en þá hékk hún uppi á öxlinum þar sem forðast var að hreyfa stýrisblaðið því ef það er lagt í borð fellur skrófan af ef hún losnar;
- að ekki var ljóst hvað olli þessu en í fyrra skiptið beindist athyglin að rónni en ekki var hugað að því hvort kónn ássins passaði nákvæmlega inn í skrófunafið eða hvort það hafi ekki verið hitað nægjanlega til að herpast tryggilega utan um ásin. Eftir seinna skiptið var ekki hægt að skoða þetta því skrófan og róin höfðu tapast;

- að sögn vélsmiðs þarf fyrst og fremst að aðgæta að skrúfunafið passi upp á kóninn bæði að aftan og framan áður en skrúfan er hituð. Hita þarf hana þar til efni hennar er orðið rakalaust en þá er hún rétt snertiheit 60°- 90°C. Skrúfunni er þá rennt snögg upp á á sinn og hert að með rónni;
- að legufæri voru tiltæk um borð.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.